

# Aðlögun í Víkina af Kirkjugerði og Sóla

## -Verkferill-

Allir nemendur á fimmta aldursári fara á Víkina, 5 ára deild á bilinu maí-ágúst. Algengast er að nemendur hefji skólagöngu í Víkinni í ágúst og miðast tímasetningar í þessum verkferli við það. Þegar börnin hefja skólagöngu fyrr færst skipulag í maí-september framar.

- **Janúar / febrúar ár hvert:**

- Aðstoðarleikskólastjóri Víkurinnar hefur samband við leikskólastjóra Kirkjugerðis og Sóla og fær upplýsingar um fjölda nemenda í árgangi, kynjaskiptingu, stuðnings- og sérkennslubörf.
- Aðstoðarskólastjóri Víkurinnar ákveður, í samráði við leikskólastjóra Kirkjugerðis og Sóla, hvenær heimsóknir komandi árgangs skuli vera í byrjun júní.

- **Febrúar / mars ár hvert:**

- Foreldrar fá eyðublað varðandi óskir um deildarfélaga í Víkinni.
- Foreldrar geta sett nöfn þriggja samnemenda sem þeir óska eftir að verði á sömu deild og þeirra barn með fyrirvara um að hægt sé að verða við þeim óskum.

- **Mars / apríl ár hvert:**

- Hópstjórar/deildastjórar koma með ábendingar varðandi deildaskiptingu og fylla út þar til gert vinnuskjal varðandi það.
- Í lok mars eru deildastjórar á Kirkjugerði og hópstjórar á Sóla boðaðir á fund í Víkinni með aðstoðarleikskólastjóra og deildastjórum þar vegna nemenda sem færast yfir í Víkina á næsta skólaári:
  - Fundað er með hverjum deildar-/hópstjóra fyrir sig.
  - Efni fundanna: Tillögur að hópaskiptingum og samþykki fyrir upplýsingagjöf milli skóla.
- Aðstoðarleikskólastjóri Víkurinnar, ásamt deildastjórum, setja upp deildaskiptingar.
- Foreldrar fá boðskort á skóladag GRV í Hamarsskóla en þeir fá þá tækifæri til að kynna sér starfsemi Víkurinnar.

- **Maí ár hvert:**

- Í byrjun maí ár hvert er kynningarbréf um Víkina sent út til foreldra ásamt upplýsinum varðandi tilvonandi heimsóknir og aðlögun í Víkina.
- Þá er einnig sendur heim vistunarsamningur og upplýsingablað um nemendur, sem foreldrar mæta svo með útfyllt í foreldraviðtal í júní.
- Víkin fær nöfn foreldra og símanúmer svo hægt sé að boða í foreldraviðtöl í júní.

- **Júní ár hvert:**
  - Í byrjun júní eru tvær tveggja klst skipulagðar heimsóknir í Víkina þar sem tilvonandi nemendahópur fær að kynnast Víkinni.
  - Tilvonandi nemendur eru alltaf velkomnir í aukaheimsóknir sem ekki eru skipulagðar.
  - Foreldraviðtöl:
    - Foreldrar fá tækifæri til að ræða þarfir barsins síns.
    - Foreldrar mæta með útfylltan vistunarsamning og upplýsingablað um nemandu.
  - Gögn um börnin flutt yfir í Víkina svo starfsfólk geti verið búið að kynna sér þau áður en börnin byrja. Sérkennsluráðgjafi Vestmannaeyjabæjar sér um flutning ganganna milli stofnana.
- **Ágúst ár hvert:**
  - Deildaskipting er tilbúin.
  - Fyrsta daginn eru nemendur í aðlögun í fimm klukkustundir, ef allt gengur vel er fullur dagur daginn eftir.
- **September**
  - Haldinn er foreldrafundur í byrjun september þar sem farið er yfir skóladagatal, dagskipulag o.fl.
  - Foreldrafundur í Hamarsskóla:
    - Kynning á starfsemi.
    - Þeir sem vilja geta skoðað aðstöðuna.

**Þessi verkferill skal kynntur foreldrum barna á Kirkjugörði og Sóla sem fyrst á lokaári nemenda í þeim leikskólum.**

*Endurskoðaður verkferill í október 2022*

*Samþykktur af fræðsluráði 2. nóvember 2022*